

framt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 21, 12. janúar 1993, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 10. febrúar 1994.

F.h.r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

SKIPULAGSSKRÁ

Minningar- og fræðslusjóðs Guðmundar Óla Haukssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningar- og fræðslusjóður Guðmundar Óla Haukssonar. Tilgangur sjóðsins er að aðstoða og fræða börn sem haldin eru ótta eða fælni og styrkja aðila sem vinna á eða stunda rannsóknir á þessu sviði.

2. gr.

Fyrstu stjórn sjóðsins skipa þrjú menn tilnefndir af foreldrum Guðmundar Óla Haukssonar. Láti stjórnarmaður af störfum tilnefni stjórnin manns í hans stað. Stjórnin velur viðfangsefni sjóðsins, annast framkvæmd verkefna og stjórnar rekstri hans.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.000,00. Stofnfé má ekki skerða. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðenda.

4. gr.

Breytingar má gera á skipulagsskrá sjóðsins ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna. Verði stjórn sjóðsins sammála um að hætta starfsemi hans og fær til þess samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins renna þær eignir sem þá kunna að vera í sjóðnum til Rauða kross Íslands.

5. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Kópavogi, 30. september 1993.

Birna Bjarnadóttir.
Haukur Ingibergsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. febrúar 1994.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.